

Aðalfundur Læknafélags Íslands
14. október 2022

Ályktun
um heimilislækningar í dreifbýli

Aðalfundur Læknafélags Íslands haldinn í Kópavogi 14. október 2022 minnir á að stöðugleiki í mönnun heilsugæslunnar er nauðsynlegur svo hún geti staðið undir margþættu og mikilvægu hlutverki sínu. Mikill skortur er á fastráðnum læknum í dreifbýli og ekki horfur á að batni nema með öflugum aðgerðum af hálfu stjórnvalda. Aðalfundur skorar á ríkisstjórn Íslands og fjármála- og efnahagsráðuneytið að bæta skilyrði fyrir stöðugleika í mönnun lækna í dreifbýli og vinna þannig að því að tryggja öllum landsmönnum sínn heimilislækni.